

Borgarráð

***Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um styttingu vinnuvikunnar***

Á borgarráðsfundi þann 31. október 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands fram svohljóðandi fyrirspurn um styttingu vinnuvikunnar:

*Af hverju hætti Reykjavíkurborg með tilraunaverkefnið um styttingu vinnuvikunnar ólíkt ríkinu sem ákvað að framlengja tilraunaverkefnið þar til samningar hafa náðst við verkalyðsfélögin í níverandi kjaraviðræðum?*

**Svar:**

Tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar hófst hjá Reykjavíkurborg í mars árið 2015 og stóð til ágústloka árið 2019 eða í 4,5 ár. Á grundvelli þessa tilraunaverkefnis hefur vinnuvika starfsmanna ákveðinna starfsstaða verið stytt og ólíkar útfærslur styttingar prófaðar. Alls hafa um 100 starfsstaðir eða 2500 starfsmenn tekið þátt í verkefninu í heildina. Hjá ríkinu hófst tilraunaverkefnið vorið 2017 og náði til fjögurra stofnana ríkisins og um 800 starfsmanna. Í júlí 2018 var fimmtu stofnuninni bætt við verkefnið.

Ekki er hægt, með hliðsjón af jafnræðisreglu íslensks réttar og meginreglunni um jafna meðferð á vinnumarkaði, að stytta vinnuviku starfsmanna ákveðinna starfsstaða til lengri tíma en gert var í tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar. Ennfremur er vinnutími skilgreindur í ákvæðum kjarasamninga. Nú standa yfir kjarasamningsviðræður milli Reykjavíkurborgar og stéttarféлага þar sem m.a. er rætt um styttingu vinnuvikunnar.

Lóa Birna Birgisdóttir,  
sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs